

**Fundargerð 17. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
13. febrúar 2019 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson, Pálmi Steinar Guðmundsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnarsýslusviðs.

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022 - 1809099

Tillaga um framkvæmdaáætlun 2019.

Minnisblað með tillögu varðandi fæðiskostnaður starfsmanna í grunnskólum Suðurnesjabæjar.

Afgreiðsla:

Samþykkt að leggja til við bærarstjórn að samþykkja samhljóða tillögu um framkvæmdaáætlun 2019. Bærarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun vegna framkvæmdaáætlunar.

Tillaga um fæðiskostnað starfsmanna grunnskóla Suðurnesjabæjar samþykkt samhljóða.

2. Bjarg Húsnæði stofnframlag - 1806474

Minnisblað frá fundi dags. 23.01.2019.

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs dags. 13.02.2019.

Afgreiðsla:

Minnisblöð frá fundi lögð fram.

Samþykkt að fela bærarstjóra að láta vinna upp þær upplýsingar sem lagt er til í minnisblaði dags. 13.2.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna - 1902007

Umsögn um lagafrumvarp.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

4. Ferskir vindar - Alþjóðleg listahátíð - 1810021

Minnisblað um verkefnið og drög að samningi við Ferska vinda.

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela bærarstjóra að vinna að samningi við Ferska vinda um listahátíð 2019-2020 sem verði lagður fyrir bæjarráð.

5. Samband íslenskra sveitarfélaga landsþing 2019 - 1901105

Boð á landsþing sveitarfélaga þann 29. mars 2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

6. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum umsókn um tækifærisleyfi - ósk um umsögn - 1902008

Ósk um umsögn vegna umsóknar Knattspyrnufélagsins Reynis um tækifærisleyfi vegna herrakvölds í Samkomuhúsinu í Sandgerði 9. mars 2019.

Afgreiðsla:

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir um veitingu leyfisins.

7. Styrkir almennt - 2019 - 1901049

Erindi frá Taekwondodeild Keflavíkur dags. 01.02.2019.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar og umsagnar hjá íþróttá- og tómsundaráði með ósk um tillögur að verklagsreglum um afgreiðslu sambærilegra erinda.

8. Íþróttamiðstöðvar 2019 - 1901050

Tillaga frá frístunda- og forvarnafulltrúa um sumaropnun íþróttamiðstöðva Suðurnesjabæjar 2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram til umræðu en afgreiðslu frestað. Samþykkt að vísa málinu til umfjöllunar hjá íþróttá- og tómsundaráði.

9. Guðni á trucknum heimildamynd - 1810056

Erindi frá Guðmundi Magnússyni með ósk um stuðning við útgáfu heimildamyndar um Guðna á trucknum.

Afgreiðsla:

Verkefnið verður styrkt með kaupum á eintökum af myndinni að upphæð allt að 100.000 kr.

10. Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda - 1902033

Erindi frá Kiwanisklúbbnum Hof með ósk um styrk vegna álagðra fasteignagjalda.

Afgreiðsla:

Lagt fram og afgreiðslu frestað.

11. Samningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um rekstur Náttúrustofu - 1811094

Drög að samningi um framlög til rekstrar Náttúrustofu Suðvesturlands í Sandgerði.

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela bæjarstjóra að undirrita og ganga frá samningi við ráðuneytið samkvæmt fyrirliggjandi drögum að samningi.

12. Starfsmannamál - almennt - 1811032

Tillaga um verklagsreglur um gjafir, kveðjur og árshátíð.

Afgreiðsla:

Lagt fram og afgreiðslu frestað.

13. Suðurnes-samstarf um heimsmarkmið SP - 1902040

Erindi frá Isavia, þar sem lagt er til að sveitarfélög og aðilar á Suðurnesjum móti samstarf um stefnumótun, skipulag og uppbyggingu atvinnu-og mannlífs á Suðurnesjum, út frá heimsmarkmiðum SP.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

14. Öldungaráð Suðurnesja-fundargerðir 2019 - 1901053

Fundur stjórnar dags. 04.02.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

Bæjarráð tekur undir með Öldungaráði Suðurnesja að óásættanlegt sé að engin heilsugæsla sé í Suðurnesjabæ.

Fundi slitið kl. 19:00.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Pálmi Steinar Guðmundsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir

17. fundur bæjarráðs
14.02.2019